

Náttúruminjaskrá framkvæmdaáætlun

*Ársfundur náttúruverndarnefnda, Umhverfisstofnunar og
forstöðumanna náttúrustofa, Egilsstaðir 14. nóvember 2019*

Ingibjörg M. Bjarnadóttir, teymi friðlýsinga og áætlana

Náttúruminjasrá

- **A-hluti:** Friðlýst svæði
- **B-hluti:** Framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun
- **C- hluti:** Aðrar mikilvægar náttúruminjar



B-hluti náttúruminjaskrár

Framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum

Val minja á framkvæmdaáætlun

Við gerð framkvæmdaáætlunar (B-hluta) skal lögð áhersla á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að því að verndarmarkmið 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga náist.



Tillaga að framkvæmdaáætlun

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur fram til umhverfis- og auðlindaráðherra tillögur um minjar sem ástæða þykir til að setja á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár.

Ráðherra felur Umhverfisstofnun að *meta nauðsynlegar verndarráðstafanir* á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun (B-hluta) og *kostnað við þær*.



Fagráð og ráðgjafarnefnd

- **Fagráð** skal vera Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar um gerð tillögu um minjar á náttúruminjaskrá og er skipað sjö fulltrúum frá:


Umhverfisstofnun, Skógræktinni, Hafrannsóknarstofnun, Minjastofnun Íslands, Samtökum náttúrustofa. Náttúru- og umhverfisverndarsamtök tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

- **Ráðgjafarnefnd** skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og er skipuð sjö fulltrúum.

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá fulltrúa; Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og það ráðuneyti sem fer með atvinnumál og jarðrænar auðlindir skipa einn fulltrúa hver.

Tillögur NÍ um svæði á framkvæmdaáætlun

- Vistgerðir
- Mikilvæg fuglasvæði
- Náttúruminjar
- Greining Umhverfisstofnunar nær til 150 svæða
- Þar af er 31 svæði nú þegar friðlýst



Kynning og málsmeðferð tillögunnar

Umhverfisstofnun annast kynningu á tillögu að framkvæmdaáætlun.

Umhverfisstofnun ber að auglýsa tillöguna í 8 vikur og birta í ...

- dagblaði sem gefið er út á landsvísu
- lögbirtingablaðinu
- á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
- á heimasíðu Umhverfisstofnunar

Einnig verður tillagan birt á Facebook síðu Umhverfisstofnunar og send verður fréttatilkynning í héraðsfréttablöð og fjölmiðla.

Kynning og málsmeðferð B-hluta

Hverjir eiga að fá tillöguna til umsagnar?

- Sveitarstjórnir
- Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga
- Náttúrustofur
- Aðrir opinberir aðilar
- Hagsmunasamtök eftir því sem ástæða þykir til
- Þeir aðilar sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta (landeigendur og rétthafar lands)

Kynning og málsmeðferð B-hluta

Kynningarfundir á kynningartíma

Opnir kynningarfundir verða haldnir um tillögu um framkvæmdaáætlun á kynningartíma á vormánuðum 2020.

Sveitarfélög eru hvött til að kynna sér tillögurnar og senda inn athugasemdir

Kynning og málsmeðferð tillagna

Að kynningartíma loknum

- Umhverfisstofnun tekur saman umsögn um allar athugasemdir sem berast stofnuninni á kynningartíma og sendir ráðherra.
- Umhverfisstofnun gerir þeim aðilum sem sendu athugasemdir við tillöguna grein fyrir umsögn sinni til ráðherra.






Kynning og málsmeðferð tillagna

Að kynningartíma loknum

- Umhverfis- og auðlindaráðherra auglýsir tillögu til þingsályktunar í Samráðsgátt Stjórnarráðsins (2 vikur).
- Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár lögð fyrir Alþingi.

Ferill tillögu að framkvæmdáætlun



Réttaráhrif skráninga á framkvæmdaáætlun

- Ráðherra er heimilt að kveða á um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu sem skaðað getur verndargildi náttúruminja sem teknar eru á framkvæmdaáætlun. Bannið gildir í þrjá mánuði. Ráðherra er heimilt að ítreka bannið með sérstakri ákvörðun og gildir það þar til friðlýsing eða friðun tekur gildi, en þó ekki lengur en í 1 ár.
- Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á náttúruminjaskrá nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Réttaráhrif skráninga á framkvæmdaáætlun

- Skýlt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.
- Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.

Réttaráhrif skráninga á framkvæmdaáætlun

- Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á náttúruminjaskrá til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.
- Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu, þegar við á, samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir framkvæmdaáætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.